

---

**Skógarvörðurinn á Norðurlandi:  
Starfsskýrsla fyrir árið 2020**



*Mynd: Snjóskemmdir á birki í Skuggabjargaskógi.*

*Rúnar Ísleifsson*

## Efnisyfirlit

1. Veðurfar ársins .....	2
2. Vöxtur og þrif trjágróðurs .....	2
2.1. Laufgun og lauffall.....	2
2.2. Vöxtur.....	2
2.3. Skaðar .....	2
3. Fræhús, fræsöfnun og fræsala .....	3
3.1 Fræhús og fræsöfnun.....	3
4. Starfsfólk.....	5
5. Girðingar .....	5
6. Skógarhögg .....	5
6.1. Grisjun .....	5
7. Sala afurða .....	6
7.1 Sala girðingarstaura .....	6
7.2 Viðarsala.....	6
7.3 Jólatré .....	7
7.4 Önnur sala.....	8
8. Nýframkvæmdir .....	8
9. Gróðursetning, áburðargjöf og jarðvinnsla .....	8
10. Byggingar.....	9
11. Vélar og verkfæri .....	10
12. Ýmislegt .....	10
12.1. Fundir, ferðalög og viðburðir.....	10
12.2. Ferðafólk.....	10
12.3. Annað .....	11

## **1. Veðurfar ársins**

Fyrstu mánuðir ársins voru illviðrasamir og snjóþungir. Snjór var að mestu horfinn úr Vaglakógi um 20. maí. Mest varð snjódýptin fyrri hluta árs 1,58 metrar mæld þann 13. mars. Mæld snjódýpt þann 30. apríl var 0,76 metrar.

Tíðarfar reyndist svo frekar hagstætt það sem eftir lifði árs. Þó má undanskilja júlí- og septembermánuði en þeir voru kaldari en meðaltöl segja til um. Desembermánuður var svo einstaklega úrkomusamur.

Á haustmánuðum festi ekki neinn snjó að ráði og í raun ekki fyrr en komið var fram yfir miðjan nóvember. Mesta snjódýpt mældist í desember eða 0,59 metrar.

Úrkoman var tölvert yfir meðallagi víða á norðaustanverðu landinu. Í Vaglakógi reyndist hins vegar ársúrkoman vera um 949,9 mm sem er um 200 mm yfir meðaltali.

## **2. Vöxtur og þrif trjágróðurs**

### **2.1. Laufgun og lauffall**

Ekki skráð.

### **2.2. Vöxtur**

Vöxtur reyndist ágætur á flestum trjátegundum.

### **2.3. Skaðar**

Miklar skemmdir urðu víða á skógi í Þingeyjarsýslu og Eyjafirði í kjölfar veðurs sem gerði 10. desember 2019. Skemmdirnar fólust aðallega í því að skógurinn sligaðist undan snjóþyngslum vegna bleytusnjóa. Áberandi skemmdir mátti sjá víða í Eyjafirði og utanverðum Fnjóskadal og Dalsmynni sem lýstu sér til dæmis í því að tré sliguðust, brotnuðu og/eða greinar rifnuðu af. Til dæmis má nefna að Grundarreiturinn fór mjög illa, sérstaklega norðurkanturinn. Sama má segja birkiskógana á Melum og Skuggabjörgum. Umfang skemmdanna var slíkt að það er undirrituðum til efs að slíkt hafi sést mjög lengi. Nánar má lýsa tilurð skemmdanna þannig að fyrst virðist hafa kyngt niður miklum bleytusnjó. Síðan hefur kólnað í veðri og snjór frosið á greinum og bolum. Síðan hefur í kjölfarið haldið áfram að hlaðast snjór utan á trén með viðhlítandi afleiðingum. Ekki var nokkur möguleiki á að hreinsa upp snjóbrotnin tré í skógum Skógræktarinnar á Norðulandi, slíkt var umfangið. Skemmdir sáust á birkiskógi af völdum fiðrildalirfa, sennilega tígulvefara. Engin stærri snjóflóð sáust í innanverðum Fnjóskadal á svæðum Skógræktarinnar en þó féll töluvert stórt snjóflóð á girðinguna utan við Efri-Vagli og eyðilagði hana á ca 100 metra kafla.





*Mynd: Skemmdir á birki í Skuggabjargaskógi.*

### **3. Fræhús, fræsöfnun og fræsala**

#### **3.1 Fræhús og fræsöfnun**

Úr Fræhúsinu var safnað um 3,6 kg af lerkifræi (yrki: Hrymur). Engu öðru fræi var safnað á vegum Skógræktarinnar á Norðurlandi. Á landsvísu var safnað um 6,3 kg af birki, 5,3 kg af stafafuru og 5,8 kg af sitkagreni. Allt var þetta fræ klengt og grófhreinsað hjá Skógræktinni á Vöglum.

### 3.2 Fræsala

Á árinu var eftirfarandi magn af fræi selt frá fræmiðstöðinni á Vöglum. Upplýsingar frá Valgerði Jónsdóttur.

*Magn eftir tegundum*

Tegund	Magn í gr.
Birki	2.230
Blá- x sitkagreni	109
Fjallapínur	20
Hengibirki	4
Hrymur	1.070
Hvítgreni	13
Lindifura	5.041
Mýrarlerki	6
Rauðölur	53
Reyniviður	10
Sitkabastarður	7
Sitkagreni	4.096
Sitkaölur	46
Stafafura	3.061
Úlfareynir	5
Samtals:	15.770

*Magn eftir tegundum og frænúmerum*

Tegund	Frænúmer	Magn í gr.
Birki	208015	52,5
Birki	215001	1.700
Birki	217003	277
Birki		200
Blá-x sitkagreni	217014	109
Fjallapínur	213001	20
Hengibirki	214003	4
Hrymur	218005	50
Hrymur	219010	740
Hrymur	219011	230
Hrymur	uppsóp	50
Hvítgreni	3305	1
Hvítgreni	208056	12
Lindifura	216003	5.041
Mýrarlerki	208052	6
Rauðölur	219001	52,5
Reyniviður	208055	10
Sitkabastarður	208057	7
Sitkagreni	201003	20
Sitkagreni	208033	2.009
Sitkagreni	208034	40
Sitkagreni	208035	86
Sitkagreni	208036	1.872
Sitkagreni	208038	20
Sitkagreni	209009	2
Sitkagreni	217007	20
Sitkagreni	217010	26
Sitkagreni	217014	1
Sitkaölur	215007	45,5
Stafafura	218007	1
Stafafura	218008	25
Sitkagreni	218011	98
Stafafura	218012	140
Stafafura	218013	1
Stafafura	219007	2.796
Úlfareynir	209002	5
Samtals:		15.770

## **4. Starfsfólk**

Starfsfólk var þetta á árinu: Valgeir Davíðsson aðstoðarskógarvörður, Teitur Davíðsson, Huldur Trausti Valgeirsson og Þuríður Davíðsdóttir unnu við skógarhögg og viðarvinnslu ásamt ýmsu fleiru. Valgeir var ráðinn sem aðstoðarskógarvörður á haustmánuðum.

Sumarfólk var Ásmundur Ragnarsson, Andri Þór Stefánsson og Silja Rós Hermannsdóttir sem aðallega unnu á tjald- og hjólhýsavæðum. Benedikt Stefánsson, Gunnar Darri Bergvinsson, Inga María Haukssdóttir og Snorri Már Vagnsson unnu við skógarhögg, viðarvinnslu, áburðargjöf, gróðursetningu, viðhald girðinga og fleira tilfallandi. Engir erlendir verkneymar voru við störf á þessu ári hér á Vöglum vegna Covid faraldursins. Valgerður Jónsdóttir sá um fræræktina og frémál fræmiðstöðvarinnar og annað því tengdu.

## **5. Girðingar**

Viðhald girðinga var mjög mikið þetta árið enda var undangenginn vetur snjópungur og snjóalög slæm (bleytusnjór) ekki síst eftir áhlaupið í desember árið 2019. Um viðhald girðinga á Sigríðarstöðum, Melum og Skuggabjörgum, Þórðarstöðum og Belgsá, Grund, Kristnesi og Vöglum á þelamörk sá starfsfólk Skógræktarinnar. Sama á við niðurtöku rafmagnsgirðingarinnar fyrir veturinn á Þórðarstöðum og Belgsá.

Verktakar sá um viðhald á eftirtöldum girðingum: Í Vaglaskógi vann Hermann Herbertsson verkið en hann er búandi í Fjósatungu. Á Gilá í Vatnsdal sá Ingþór J. Kristmundsson um viðhald.

Til fróðleiks má nefna að vinna starfsfólks við girðingar á árinu nam um 436 vinnustundum sem er helmingi hærra tala en árið áður og greiðslu til verktaka nálgast að vera um fjórfalt hærra eða um 805.000 kr.

Verktakar höfðu umsjón með smölun á eftirtöldum svæðum: Í Þórðarstaðaskógi og á Belgsá sá Haukur Þórhallsson á Kambstöðum um smölun. Ármann Olgeirsson á Vatnsleysu sá um girðinguna í Mela- og Skuggabjargaskógi.

## **6. Skógarhögg**

### **6.1. Grisjun**

Unnið var við grisjun og skógarhögg í skógum Skógræktarinnar í Vaglaskógi, á Hálsmelum, Grund og Vöglum á þelamörk. Verktakar voru fengnir til grisjunar á birki í Vaglaskógi en það voru Jón Heiðar Rúnarsson og félagar. Starfsfólk Skógræktarinnar var fengið til grisjunar í skóglendi Háskólans á Akureyri á Végeirsstöðum í Fnjóskadal. Eins grisjuðum við lítinn asparreit í einkaeigu á Ystafelli í Kinn. Í öllum tilfellum var um að ræða grisjun með mótorsög.

Grisjun í ræktuðum skógi var því mjög lítil í ár eða sem nemur 3 ha. Í birkiskógi var umfang grísjunar minna en síðustu ár og einungis grísjaðir um 4 hektarar. Samtals voru því grísjaðir um 7 hektarar í skóglendum Skógræktarinnar á Norðurlandi. Einnig verður að nefna að mikil vinna fór í að grísjá brotinn og löskuð tré frá vegum, slóðum, gögustígum og tjaldsvæðum eftir hinar miklu snjóskemmdir vetrarins.

Eftirtaldir reitir og svæði voru grísjúð á árinu:

Staður	Reitur	Flatarmál í ha.	Tegund	Hvenær grísjáð	Athugasemdir
Vaglaskógur	137	0,20	Rauðgreni/stafafura	Vetur	Trjásafn
Vaglaskógur	419	0,50	Rússalerki	Sumar	Hluti reitar
Vaglaskógur	425	3,00	Birki	Haust	Hluti reitar
Hálsmelar	594 og 595	0,20	Rússalerki	Sumar	Hlutar reita
Vagllir á Þelamörk	29	0,20	Stafafura	Vetur	
Végeirsstaðir		0,30	Birki, greni, lerki og ösp	Sumar	
Ystafell	2	0,20	Alaskaösp	Haust	Fellt að mestu
	Samtals:	4,6			
	Þar af grísjun á birki:	3,0			

## 7. Sala afurða

### 7.1 Sala girðingarstaura

Seldir voru samtals um 48 girðingarstaurar til tveggja aðila.

### 7.2 Viðarsala

Afurð	Fjöldi poka/sekkja/annað	m <sup>3</sup> f	Athugasemdir
Bolviður fura, lerki, greni og ösp		88,8	
Bolviður birki, smíðaviður		0,2	
Borðviður lerki í m <sup>3</sup>		0,2	
Borðviður annað í m <sup>3</sup>		0,0	
Arinviður birki um 20 kg.	1.833	44,0	
Birkiáfsag í stórsekkjum	9,3	4,7	
Arinviður barr um 12 kg.	190	3,4	
Barrviðarafsag í stórsekkjum	3,0	1,5	
Kurl barrviður	48	24,0	Stórsekkir
Kurl birki/annað	406	11,0	Reykingarkurl 60 lítra pokar
Viðarkol	190		Í kílóum
Plattar	341		Í stykkjatali
<b>Samtals m<sup>3</sup>f</b>		<b>177,7</b>	

Í ár voru seldir um 89 m<sup>3</sup> af bolvið og var Viðundur ehf. langstærsti kaupandinn. Eins og áður keypti Olís nær allan arinvið af okkur en því miður var mjög mikill samdráttur í sölu til þeirra. Aðalástæðan var Covid-19 og lítil sala á arinvið til veitingastaða. Áfram seldist mikið af birkikurli til reykingar á matvælum. Stærstu kaupendur voru Norðlenska, Betri vörur og Fjallalamb á Kópaskeri.

### 7.3 Jólatré

Jólatré voru að mestu höggvin seinni hluta nóvembermánaðar. Rauðgreni var aðallega fellt á Vöglum á þelamörk í reit 249 en einnig nokkur tré felld í Þórðarstaðaskógi í reitum nr. 4 og 19. Fjallapínur var aðallega sóttur í reiti nr. 302 og 309 í Vaglaskógi og reit 11 á Vöglum á þelamörk. Blágreni og stafafura var höggvin á Vöglum á þelamörk. Blágrenið var sótt í reit nr. 213 og stafafura var höggvin á víð og dreif um svæðið. Stærri tré voru felld á Vöglum á þelamörk og í Vaglaskógi.

Stærsti einstaki kaupandi jólatrjáa var Skógræktarfélag Eyfirðinga sem tók við sölunni af Gróðrarstöðinni Sólskógum í Kjarnaskógi við Akureyri.

#### Felld tré

<i>Svæði</i>	<i>Blágreni</i>	<i>Fjallapínur</i>	<i>Rauðgreni</i>	<i>Stafafura</i>	<i>Samtals</i>
Vaglaskógur	1	2	2		5
Vaglir á þelamörk	13	10	50	11	84
Sigríðarstaðaskógur			7		7
Þórðarstaðaskógur		5	26		31
<b>Samtals:</b>	<b>14</b>	<b>17</b>	<b>85</b>	<b>11</b>	<b>127</b>

#### Seld tré

<b>Stærð</b>	<b>Blágreni</b>	<b>Fjallapínur</b>	<b>Rauðgreni</b>	<b>Stafafura</b>	<b>Samtals</b>
75-100	1		1	1	3
101-125	2		15	2	19
126-150	1	3	14	4	22
151-175	2	4	14	1	21
176-200	3	2	17	2	24
201-250	2	3	14		19
251-300		2	2		4
301-400	1				1
401-500	2		2		4
<b>Samtals:</b>	<b>14</b>	<b>14</b>	<b>79</b>	<b>10</b>	<b>117</b>



## 7.4 Önnur sala

Sala rjúpnaveiðileyfa fór fram á hefðbundinn hátt í gegnum hlunnindi.is. Eins smíðaði og seldi Skógræktin Vaðlaheiðargöngum hf. 4 útiborð með bekkjum, 4 bekki með baki og 4 bekki smíðaða úr lerki. Teitur Davíðsson sá um smíðina. Seldar voru samtals 57 hnausaplöntur, aðallega stafafura.

## 8. Nýframkvæmdir

Haldið var áfram með göngustíginn á Hálsmelum. Nú var borið kurl í stærsta hluta stígsins og einnig víða hreinsað og grisjað frá stígnum þannig að hann væri betur fær. Vonandi tekst að ljúka gerð stígsins á næstu tveimur árum. Er þetta samstarfsverkefni Skógræktarfélags Fnjóskdæla og Skógræktarinnar og styrkt af umhverfis- og auðlindaráðuneytinu í tengslum við uppbyggingu á úti-  
vistaraðstöðu á svæðinu. Um þessi verk sáu aðallega verktakarnir Kristján I. Jóhannesson, Sigurður Gísli Gunnlaugsson og Þórhildur Helga Ásgeirsdóttir.

Hafist var handa við að lagfæra vegarslóða á Vöglum á Þelamörk sem liggur langleiðina þvert í gegnum reitinn. Í syðri hluta svæðisins var byrjað að lengja slóðann alveg að gömlu girðingunni í suðurkanti skógarins. Þetta var gert að frumkvæði Rarik og á þeirra kostnað en ætlun þeirra er að leggja rafmagns-  
jarðstreng í og við vegarslóðann í framhaldinu. Í kjölfarið verður raflína sem liggur þvert í gegnum skóginn aflögð. Þessi nýi vegaslóði mun auðvelda okkur alla skógarumhirðu í suðurhluta skógarins í framtíðinni.

## 9. Gróðursetning, áburðargjöf og jarðvinnsla

Gróðursetning hófst um 10. júní á Belgsá. Í framhaldinu var einnig gróðursett á Hálmelum og Vöglum á Þelamörk. Gróðursetningu lauk á Vöglum á Þelamörk 25. júní. Gefinn áburður á megnið af því sem gróðursett var. Um vorið voru jarðunnir fyrir gróðursetningu með TTS-herfi á Hálsmelum og Vöglum á Þelamörk samtals um 5,5 hektarar. Samtals voru gróðursettar um 32.651 plöntur í lönd Skógræktarinnar á Norðurlandi.

Áfram var unnið í samstarfsverkefni Skógræktarinnar og Landgræðslunnar á Hólasandi. Voru þar gróðursettar um 32.495 plöntur á vegum Skógræktarinnar. Um verkið sá verktaki að nafni Þórarinn Sveinsson og hans fólk. Gróðursett var seinnipartinn í ágúst og byrjun september.

Í heild voru því gróðursettar um 65.146 bakkaplöntur á vegum Skógræktarinnar á Norðurlandi þetta árið. Reitanúmer sem skráð eru í meðfylgjandi töflum eiga öll við það sem skráð er í framkvæmdaskráningu í Arc-inu.

### Yfirlit yfir gróðursetningu ársins í lönd Skógræktarinnar

Staður	Tegund	Kvæmi	Bakkagerð fp	Fjöldi	Reitir	Atlhugasemdir
Belgsá	Stafafura	Skagway	67	2.814	57	
Hálsmelar	Stafafura	Skagway	67	10.184	554	
Vaglir Þelamörk	Stafafura	Skagway	67	2.010	96	
Vaglir Þelamörk	Stafafura	Opala	67	8.777	102, 103 og 104	
Vaglir Þelamörk	Stafafura	Skagway	40	240	97	Tilraun Brynjar
Vaglir Þelamörk	Sitkabastarður	Seward	40	200	97	Tilraun Brynjar
Vaglir Þelamörk	Birki	Embla	67	268	97	Tilraun Brynjar
Vaglir Þelamörk	Lerki	Hrymur	67	201	97	Tilraun Brynjar
Vaglir Þelamörk	Sitkabastarður	Seward	40	2.760	100	
Vaglir Þelamörk	Lerki	Hrymur	67	2.747	101	
Vaglir Þelamörk	Fjallapínur	Arapaho	35	350	99	
Vaglir Þelamörk	Fjallapínur	Apache	35	1.330	99	
Vaglir Þelamörk	Fjallapínur	Ófeigshöfði	35	770	99	
			<b>Samtals:</b>	<b>32.651</b>		

### Yfirlit yfir gróðursetningu ársins á Hólasandi

Staður	Tegund	Kvæmi	Bakkagerð fp	Fjöldi
Hólasandur	Rússalerki	Imatra	67	7.169
Hólasandur	Rússalerki	Lassinmaa	67	10.318
Hólasandur	Birki	Embla	67	15.008
			<b>Samtals:</b>	<b>32.495</b>

## 10. Byggingar

Áfram var haldið með lagfæringar á starfsmannahúsinu á Furuvöllum. Gamla ráðkonuherbergið og matsalurinn voru máluð og tekinn í gegn. Meðal annars var lokað fyrir hurðargat inn í matsalinn. Einnig var byrjað að lagfæra forstofuna þar sem aðalinnangangurinn er í húsið. Eins voru lokur settar á hurðir á svefnherbergjum. Á haustdögum voru hefðbundnar lagfæringar vegna leka á þaki og strompi á íbúðarhúsinu á Þórðarstöðum.

Settur var nýr dúkur á miðgróðurhúsið en áður hafði bráðabirgðaplast verið hreinsað af því og öll grind hússins tekin í gegn og máluð ásamt stöfnum. Nýtist nú húsið sem geymsla og var ekki vanþörf á slíku.

Hafist var handa við að reisa eldaskálann svokallaða sem staðsettur er stutt sunnan við Stórarjódur en til þessa verks fékkst styrkur úr innviðasjóði frá umhverfis- og loftslagsráðurneytinu. Birkiskógur var höggvinn af lóðinni og fjarlægður. Farið var í jarðvegsskipti og keyrð mól í grunninn. Jarðvegurinn úr grunninum var keyrður upp í Neðsta reit þar sem hann verður notaður síðar. Eins voru steiptir sökklar og undirstöður. Gerðar voru lagfæringar á bílastæðum næst væntanlegum Eldaskála. Um þessi verk sáu ÁK smíði og verktakarnir Jón Þórólfsson og Vilhjálmur Jón Valtýsson ásamt starfsfólki Skógræktarinnar.



*Myndir: Vinna við grunn og sökkla vegna smíði Eldaskálans.*

## **11. Vélar og verkfæri**

Ekkert var fjárfest í vélum eða verkfærum sem vert er að nefna.

## **12. Ýmislegt**

### **12.1. Fundir, ferðalög og viðburðir**

29. til 30. mars	Fagráðstefna á Hótel Geysi Haukadal.
29. maí	Tjald- og fastleigusvæðin í Vaglaskógi, sumaropnun.
15. september	Tjald- og fastleigusvæðin í Vaglaskógi, vetrarlokun.
7. desember	Jólamarkaður í Vaglaskógi.

Covid-19 setti stórt strik í reikningin varðandi hina ýmsu fundi, ferðalög og viðburði og mun minna var af slíku en í hefðbundnu ári.

### **12.2. Ferðafólk**

Á tímabili leit jafnvel út fyrir að tjaldsvæðin yrðu ekki opnuð þetta sumarið vegna útbreiðslu Covid-19 veikinnar. Til þess kom þó ekki og með því að fara að reglum um hólfaskiptingar á tjald- og hjólhýsasvæðum og sóttþreinsun og þrifum á klósettum og slíku tókst að halda svæðunum opnum. Þetta var þó umtalsverð auka vinna fyrir okkur t.d. varðandi þrif og eftirlit.

Fjöldi ferðamanna var í góðu meðallagi þetta árið og það þó júlímánuður hafi verið frekar svalur. Þessa góðu aðsókn má aðallega útskýra með því að Íslendingar ferðuðust aðallega innanlands þetta sumarið. Tjald- og hjólhýsasvæðin voru opnuð föstudaginn 29. maí og lokað um 15. september. Skráðar gistinætur í Vaglaskógi voru 8.253 og skiptust þannig: Í maí 297, í júní 2.510, í júlí 2.760, í ágúst 2.670 og 7 í september. Samtals voru gestakomur 5.309 á tjaldsvæðunum. Hlutfall erlendra ferðamanna var einungis um 2,9% enda lítið um erlenda ferðamenn á landinu vegna Covid-19.

### 12.3. Annað

Gert var til kola í Vaglaskógi á haustmánuðum. Kolað var einu sinni í ½ kolaofn. Úr þessu kom um 1 rúmmetri af kolum sem vógu um 190 kg. Kolin voru seld til Íslenskra ilmkjarnaolía ehf./Nordic angan.

Fjögurra skóga hlaupið var haldið 25. júlí. Eins og áður sá Björgunarsveitin þingey um framkvæmdina.



*Mynd: Valgeir Davíðsson við kolagerð.*

***Vöglum, febrúar 2023. Rúnar Ísleifsson.***